

Skoðanakönnun Skáis fyrir Stöð 2:

Tveir þriðju borgarþúa vilja að ráðhús rísi

Í skoðanakönnun, sem Skái vann fyrir Stöð 2, kemur fram, að tæplega helmingur landsmanna vill að ráðhús verði byggt í Reykjavík. Um helmingur þeirra sem eru fylgjandi ráðhúsbyggingu vilja að það verði reist við Tjörnina.

Stöð 2 greindi frá niðurstöðu skoðanakönnunarinnar í fréttatíma sínum í gærkvöldi. Þar kom fram, að 838 einstaklingar, 18 ára og eldri, voru spurðir hvort þeir væru fylgjandi byggingu ráðhúss við Tjörnina. Rætt var við fólk í Reykjavík, á Reykjanesi og í dreifbýli. 34% Reykvíkinga vildu byggja ráðhús við Tjörnina, en 33% vildu hafa það annars staðar. Þá vildi tíundi hver borgarþúi ekki ráðhús. Íbúar á Reykjanesi voru heldur hlýntari byggingu ráðhúss við Tjörnina, en 5% þeirra vildu ekkert ráðhús. Þriðji hver íbúi á Reykjanesi hafði ekki myndað sér skoðun á málinu. Í dreifbýlinu er minni áhugi á ráðhúsbyggingu og töldu 44% þar að ráðhús ætti að

reisa við Tjörnina eða annars staðar.

Ef teknir eru allir þeir sem spurðir voru kemur í ljós, að tæplega þriðjungur landsmanna vill ráðhús við Tjörnina, um fjórðungur vildi að það yrði reist annars staðar og flestir hinna höfðu enga skoðun á málinu.

Í frétt Stöðvar 2 kom einnig fram, að 48 tillögur komu um annan stað fyrir ráðhús en við Tjörnina. Oftast nefndu menn Miðbæjarskólann, Austurbæjarskólann, Hafskipslóðina og hafnar-svæðið. Þá var einnig stungið upp á Arnarhvoli, Sambandshúsinu, Kleppi, Útvegshúsinu, Útvarphúsinu, Landsbókahúsinu og Hótel Borg.

Fiskmarkaðirnir í Bretlandi:

Verðfall á þorski

VERÐ á ferskum fiski í Bretlandi hefur fallið verulega frá því í síðustu viku. Meðalverð fyrir þorsk úr gámum í gær var 56,88, en 84,60 í síðustu viku. Meðalverð fyrir þorsk úr skipum í síðustu viku var 75,64. Vaxandi framboð héðan og talsverður afli úr Eystrasalti veldur mestu um verðlækkunina.

Framboð á fiski héðan í þessari viku er ekki mjög mikið, en í næstu viku er búist við því að mjög mikið af fiski fari héðan í gámum. Skýring þess er meðal annars sú, að nokkur frystihús hafa enn ekki hafið vinnslu eftir jólafrí vegna taprekstrar, sem talinn er vera talsvert yfir 10% af tekjum.

Víðir HF seldi í gær hluta afla síns í Bremerhaven. Hann seldi alls 113 tonn, mest karfa fyrir samtals 8,2 milljónir króna, meðalverð var 73,08. 45 tonn til viðbótar verða seld í dag.

Síðdegis í gær hafði LÍÚ fengið upplýsingar um sölu á 337 tonnum af fiski úr gámum héðan í Bret-


landi. Heildarverð var 20 milljónir króna, meðalverð 59,80. Þar af voru 312 tonn af þorski, sem að meðaltali fór á 56,88.

Bjöllurnar hræddu þjófa

TVEIR þjófar, sem voru á ferli í Reykjavík um helgina, forðuð sér þegar þjófavarnakerfi tengd stjórnsýð Securitas fóru af stað. Öðrum þeirra tókst að stela armbandsúri, en hinn hvarf tómhentur á braut.

Fyrri þjófurinn var á ferð aðfaranótt sunnudags. Hann braut rúðu í glugga hjá gullsmíð í Bankastræti, en við það fór þjófavarnakerfi í gang. Þjófurinn hrífsaði eitt úr úr glugganum, hljóp á brott og hvarf út í nóttina.

Hinn þjófurinn beið ekki fram á nótt með að brjótast inn, því hann fór inn í einbýlishús í borginni kl. 20.30 á sunnudagskvöld, en íbúar hússins eru erlendis. Hann fór inn um kjallarglugga, en þegar hann ætlaði að litast um gekk hann inn í ljósgeisla þjófavarnakerfis. Þegar kerfið fór í gang hefur þjófurinn forðað sér og hafði hann ekkert upp úr kafsínu.



Morgunblaðið/Björn Blöndal

Fyrsti Subarubíllinn frá Drammen í Noregi var afhentur í gær. Á myndinni eru Jakob Adolf Traustason innflytjandi, Gunnhildur Ragnarsdóttir eigandi bílsins, Jón Sigurðsson innflytjandi og Margeir Margeirsson innflytjandi.

Fyrstu Subarubíllarnir frá Drammen fóru á götuna í gær

Keflavík.

FYRSTU Subarubíllarnir sem voru fluttir inn frá Drammen í Noregi eru komnir á götuna og þurfa eigendur þeirra ekki að koma með þá til skoðunar hjá bifreiðaeftirlitinu fyrr en árið 1990. Sama regla gildir því fyrir þá og aðra nýja bíla sem eru skráðir hjá bifreiðaeftirlitinu. Fyrsta bíllinn fékk Gunnhildur Ragnarsdóttir úr Reykjavík. Hún sagðist ekki óttast að gallar ættu eftir að koma fram í bílnum. Gunnhildur sagðist eiga Subaru árgærd 1982 sem hún ætlaði að eiga áfram, hún hefði góða reynslu af þessari bifreiðategund og væri viss um að þeir væru allir í góðu lagi og þeir þyldu mun meira en þetta. Gunnhildur sagðist hafa fylgst með þessu máli frá upphafi.

Þrír bílar voru skráðir hjá bifreiðaeftirlitinu í gær, tveir fóru til Reykjavíkur og þriðji bíllinn fór til Blönduóss. Þeir voru allir skráðir sem árgærd 1987. Jakob

Adolf Traustason einn fjórmenn-inganna sem standa að innflutningnum sagði að nú væri búið að selja bróðurpartinn af bílnum. Þeir væru flestir af tegundinni

Subaru 1800 sem kostaði 595 þúsund og Subaru Sedan sem kostaði 563 þúsund. Nokkrir væru af öðrum gerðum og væri verð

þeirra mismunandi eftir gerðum. Þegar er búið að flytja inn 91 bíl af þeim 235 sem fjórmenn-ingarnir keyptu og eru 144 bílar væntanlegir til Keflavíkur síðar í vikunni. Samkvæmt upplýsingum hjá bifreiðaeftirlitinu verður svipaður háttur hafður á með afgreiðslu þeirra og nokkrir bílar skoðaðir gaumgæfilega áður en skráning verður leyfð.

BB

Mokveiði á loðnunni:

57.000 tonn veiddust á fjórum dögum

MOKVEIÐI hefur verið á loðnumiðunum undanfarna daga. Frá föstudagsmorgni til miðs mánudags tilkynntu skipin 77 sinnum afla samtals um 57.000 tonn. Afliinn í janúar er nú að verða 100.000 tonn, en var enginn á sama tíma í fyrra vegna verkfalls. Frá upphafi vertíðar í haust er afliinn því orðinn svipaður og á sama tíma í fyrra, þó vertíð nú hæfst mun síðar en þá og færri skip hefðu verið að.

Alls á eftir að veiða um 500.000 tonn af leyfilegum afla þessarar vertíðar en í fyrravetur tók það flotann rúma tvo mánuði að taka það mikið. Vegna hins mikla afla hefur verið skortur á þróarrými á höfnunum næst miðunum og hafa nokkur skip því siglt til Noregs eða Færeyja með aflann. Þar fást um og

yfir 3.000 krónur fyrir tonn. Verksmiðja í Fraserbourg í Skotlandi hefur boðið 3.500 krónur fyrir tonn, en takmarkaður áhugi er á löndun þar, vegna slæmrar hafnar.

Verð hér er mismunandi eftir fjarlægð verksmiðjanna frá miðunum. Algengasta verðið er í kringum 2.400 krónur en nágast 3.000 krónurnar eftir því, sem fjar dregur miðunum.

Jón Finnsson er nú fyrstur skipa að ljúka kvóta sínum, en einhver önnur eru langt komin og má þar meðal annars nefna Børk NK.

Sjá lista yfir afla loðnuskipa á bls. 35.

Reykjavík:

Framsóknarflokkurinn sækir um byggingarlóð

Framsóknarflokkurinn hefur farið fram á það við borgaryfirvöld að fá úthlutað lóð. Sigurður Geirdal framkvæmdastjóri flokksins segir að núverandi húsnæði flokksins við Nóatún sé óhentugt og því sé áætlað að byggja hús fyrir starfsemi.

Sigurður sagði að þegar Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn áttu 50 ára afmæli fyrir um 20 árum hefðu báðir flokkarnir fengið úthlutað lóðum í Reykjavík. Þá hefði ekki verið hægt að nýta lóðirnar en síðan

hefði Alþýðuflokkurinn fengið lóð við Laugaveg og byggt þar.

Sigurður sagði að það húsnæði sem Framsóknarflokkurinn fékk við Nóatún þegar Hótel Hof við Raudarárstíg var selt væri mjög óhentugt og því hefði komið til tals í haust að flokkurinn þyrfti að fá sína lóð einnig til að byggja yfir starfsemi sína. Sigurður sagði að það yrði þó örugglega ekkert stórhýsi og 2-300 fermetrar dygðu.

Sigurður sagði að sér vitanlega væri ekki búið að úthluta lóðinni og ekki væri vitað hvar hún yrði.

Morgunblaðið

í dag



BLAÐ B

Vigdís Finnbogadóttir hittir Ronald Reagan

FORSETI Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til Bandaríkjanna 23. þessa mánaðar og mun opna fyrir hönd Norðurlanda listiðnaðarsýningu í American Craft Museum í New York 27. janúar. Forsetinn mun hitta Ronald Reagan, Bandaríkjaforseta, að máli í Hvíta húsinu 26. janúar. Þessi fundur er að ósk Bandaríkjaforseta. Sýningin í American Craft Museum er haldin á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og

eru þar sýnd verk 35 listamanna frá öllum Norðurlöndunum. Frá Íslandi verða á sýningunni verk Ásgerðar Búadóttur, Guðnýjar Magnúsdóttur, Jens Guðjónssonar, Jónínu Guðadóttur, Leifs Breiðfjörð, Rögnu Róbertsdóttur og Steinunnar Þórarinsdóttur.

Forseti mun dvelja í nokkra daga erlendis í einkaerindum áður en farið verður til Bandaríkjanna. Í fylgd með forseta Íslands verður Kornelius Sigmundsson, forsetari.